

# STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1989

---

---

21. apríl 1989

387

Nr. 198

## REGLUGERÐ

### um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 22. apríl 1989 eru allar togveiðar bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast þannig:

1. Að sunnan af 63°15'N
2. Að norðan af 63°20'N
3. Að austan af 21°00'V
4. Að vestan af 21°10'V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

21. apríl 1989

Nr. 199

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um námsmat í grunnskóla nr. 65/1985.

#### 1. gr.

Við 2. málsg. 10. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Ennfremur er menntamálaráðuneytinu heimilt að veita grunnskólum undanþágu frá því að halda samræmd próf ef sérstakar aðstæður gera framkvæmd ómögulega.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. apríl 1989.*

**Svavar Gestsson.**

*Sólrun Jensdóttir.*